

MIKILSVERÐ MYND

Ásamt nokkurri ættarsögu

I

Mikils þótti mér um vert, þegar ég kom að Móeiðarhvoli, að sjá þessa mynd, sem hér er endurframleidd. Og vænt þótti mér um, þegar Egill Thorarensen sendi mér þessa mynd af afa sínum, ágætlega ljósmyndaða af Jóni Kaldal. En H. Schiött hét sá sem teiknaði, sá hinn sami, sem er eftir alkunn mynd af Jóni Sigurðssyni. Hefir Schiött verið snillingur mikill og á mikla þökk skilið fyrir þessar myndir sínar af ágætum Íslendingum.

Það er mikið að sjá, þegar litið er á þessa mynd af Skúla lækni á Móeiðarhvoli, og sést þó vitanlega ekki, að maðurinn var við 3 álnir á hæð og mjög þrekinn og vel vaxinn. Engum getur blandast hugur um, að þarna er mynd af stórættuðum manni og sonnum höfðingja. Svipurinn er mikilúðlegur og þó góðmannlegur. Hakan sterkleg mjög, en munnurinn fríður. Ef til vill eru þó augun eftirtektarverðust; þau eru svo greindarleg og lýsa svo frábærri sál. Myndin ber það ekki einungis með sér, að hún er af mikilmenni, heldur einnig, að þessi svipmikli maður er íslenskur. Og ef íslenskum listamönnum er nokkur hugur á að gera góðar myndir við Sögurnar, þá ættu þeir að virða vel fyrir sér þessa mynd af íslensku mikilmenni. Skúli var maður vel ættaður, sonur Vigfúsar sýslumanns á Hlíðarenda, Þórarínssonar á Grund og Sigríðar Stefánsdóttur, systur Ólafs stiftamtmanns. En móðir Skúla var Steinunn, dóttir þess ágæta manns Bjarna Pálssonar, náttúrufræðings og landlæknis, og Rannveigar Skúladóttur fógeta. Skúli var fæddur 1805 og var því 19 árum yngri en Bjarni bróðir hans, fæddur 1786, eða um það leyti sem árferði á Íslandi var í allraversta lagi (Skaftáreldar,



Skúli Thorarensen, læknir.

Móðuharðindi). Steinunn móðir þeirra var fædd 1763, en Vigfús maður hennar nokkrum árum eldri. Mér virðist eftirtektarvert fyrir þá sem vilja hugleiða hvað úr íslensku þjóðinni mundi geta orðið við betri ástæður til að þrífast, að slíkt fólk skyldi vera hér uppi, er eins erfitt var hér að þrífast og kringum aldamótin 1800.

Það er eftirtektarvert, hversu margir niðjar Skúla læknis hafa verið stórvaxnir, nálægt 3 álnum dönskum karlmennirnir og þaryfir; en sá hæsti, sem ég veit um, er Skúli Guðmundsson, sem er 195 cm. og má þó heita að stökkvi hæð sína. Sigurður Grímsson Skúlasonar er nokkru minni, en mun þó vera 3 álnir (188,7 cm), en sú hæð var hér sjaldgæf í æsku minni; Sigurður hefir verið glímukóngur, og er tveggja maki að burðum. Álíka hár og Sigurður mun vera Skúli Ágústsson frá Birtingaholti (föðurbróðir Sk. G.), sem kvað vera þeirra frænda líkastur afa sínum í sjón, og hefir einnig verið íþróttamaður.

Því hefir verið haldið fram, að Íslendingar hafi úrkynjast mjög vegna þess, hvað ættirnar hér séu skyldar, (Inbreeding er það kallað á ensku). Fyrir þá, sem vilja mótmæla þessu, er gott að líta til Skúla Guðmundssonar, sem er svona frábær atgervismaður. Fáir munu eiga til skyldari að telja en hann. Föðurmóðir hans er Móeiður í Birtingaholti, dóttir Skúla læknis. Móðurfaðir Sigfús í Hróarsholti, sonur Skúla læknis. En ekki nóg þar með. Langafi hins unga íþróttagarps er sr. Stefán sterki Stephensen á Mosfelli, en kona hans, langamma Skúla, var Sigríður Gísladóttir Ísleifssonar, en móðir Gísla var Sigríður dóttir sr. Gísla Þórarinssonar í Odda, bróður Vigfúsar föður Skúla læknis. Þar að auki voru þau nokkuð skyld sr. Stefán sterki og kona hans. Skúli er þannig kominn af systkinunum Sigríði og Ólafi, börnum sr. Stefáns Ólafssonar, bræðrunum Vigfúsi og Gísla Þórarinssonum, og systkinunum Móeiði og Sigfúsi, börnum Skúla læknis. Skúli Guðmundsson hefði því hin ágætustu skilyrði til að vera hreinn aumingi, ef kenningin um skaðsemi skyldleika foreldranna væri rétt; en í stað þess er hann sá Íslendingur, sem ef til vill hefir hæst stokkið síðan á

dögum Gunnars á Hlíðarenda; og er hann þó atgervismaður ekki einungis á þá eina lund. Séð hefi ég haft eftir sænskum íþróttapjálfa, það sem ég hygg rétt vera, að Skúli Guðmundsson mundi geta stokkið 2 metra, ef hann ætti þess kost að æfa sig nógu vel; og er vonandi að það verði. Það er enganveginn þýðingarlaust fyrir viðgang íslensku þjóðarinnar, ef Íslendingar skara framúr á alþjóða íþróttamótum, og það mundi að vonum þykja ennþá eftirtektarverðara vegna þess, hvað þjóðin er fámenn. Og afrek í líkamsíþróttum hafa þann mikla kost, að þar verður ekki í móti mælt. Ef íslenskur maður stekkur 2 metra á hæð t. d. eða hleypur 100 metra á 10 sekúndum, þá stoða þar engin mótmæli, og enginn mundi treystast til að kalla þá, sem slíkt gerðu, skussa, hversu mjög sem hann kynni að langa til þess. Um afrek andans er allt öðru máli að gegna. Þó að hér á landi væru hugsaðar merkilegri hugsanir en áður hefðu komið fram á þessari jörð, þá mundu menn rólegir láta slíkt fara alveg fram hjá sér; eða jafnvel, ef þeir væru nógu heimskir, eða illa innrættir, leita sér ánægju í að telja þann vitfíring, sem slíkt hefði gert.

II

Skal þá snúið að ættarsögunni aftur. Svo segir í Blöndu, tímariti Sögufélagsins, að Skúli læknir kom einhvern dag að Hraungerði í vondu veðri. Þar bjó þá sr. Sigurður Gíslason Thorarensen, og Guðrún Vigfúsdóttir, systir Skúla. Vildi sr. Sigurður ekki sleppa Skúla út í bylinn aftur, sagði að ekki væri ferðaveður. En Skúli lét ekki letjast, sagði að þó að sr. Sigurður teldi slíkt veður ófært, léti hann það ekki aftra ferðum sínum. Skömmu eftir að hann er farinn, er barið að dyrum í Hraungerði, og er þar þá kominn maður, fannbarinn mjög, í þeim erindum að biðja sr. Sigurð að hjálpa konu í barnsnauð; en hann hafði mikið orð á sér fyrir það, hversu vel honum tækist í þeim efnum; hefir sjálfsagt verið mikið læknisefni. Og sýndi sig nú, að sr. Sigurður lét ekki illviðrið aftra sér, fremur en Skúli frændi hans.

Til er vísa um sr. Sigurð, eftir Bjarna Thorarensen, sem



Þórður Þorláksson, biskup í Skálholti, „mestur landfræðingur íslenskur á 17. öld“ og Guðrún Gísladóttir hins vísa á Hlíðarenda.

hefir gert minningu hans mikið ógagn, af því að menn hafa ekki skilið, að það er einungis um gamanvísu að ræða, þó að klúr sé. En vísan væri Bjarna sjálfum til smánar, ef svo væri ekki. Aldís heitin í Hlíð, kona Lýðs, sem var tiltakanlega greind og mannglögg, og hafði verið sóknarbarn sr. Sigurðar, mátti ekki heyra að honum væri hallmælt, og sagði eitthvert sinn svo, að ég heyrði, að hann hefði verið „mesti merkismaður“; og mun það satt vera. Og nokkur grunur er mér á því, að heimilið í Hlíð, sem var svo merkilegt, hafi borið nokkur merki þess, sem hin greinda og eftirtektarsama stúlka frá Brúnastöðum hafði séð á heimili Guðrúnar og Sigurðar í Hraungerði. En skylt er að ég geri nokkuð fyrir minningu föðurföður móður minnar, og þó að fyrr hefði verið.

Til er saga — ég hefi hana eftir Guðrúnu systur móður minnar — sem ekki bendir til þess, að sr. Sigurður hafi verið nískur. Guðrún kona hans var góðgerðarsöm mjög, líkt og Bjarni Pálsson afi hennar, og kom það sér vel þegar margir voru svo fátækir, að lá við sulti. Svo er sagt, að einhvern dag kemur sr. Sigurður að húsi, sem hann hugði fullt matar; en þar var þá ekkert. Sr. Sigurði varð þá að orði: „Hér hefir Guðrún mín komið,“ og var svo ekki meira um það fengist. Barn var að gráta, og einhver sagði, að það gréti af óþekkt. Sr. Sigurður heyrði það og sagði: „Börn gráta aldrei af óþekkt.“ Getur verið, að ýmsum væri, enn í dag, hollt að hafa þau orð í minni.

Ungur maður ætlaði að ganga í hjónaband, og var talað um, að það væri óráð, vegna þess hvað fátækur hann væri. Sr. Sigurður sagði þá: „nokkuð svo fátækur; hann á þó jörð“; en sú eign var þannig tilkomin, að sr. Sigurður gaf manninum jörðina. Mér finnst réttara að geta þessarar sögu, því að þó að ég kunni ekki nógu vel skil á henni, þá hefi ég þó ástæðu til að halda, að hún sé sönn.

III

Nokkur metnaður, og þó mest gamansamlegur, virðist mér sem verið hafi milli þeirra Hlíðarendabræðra, Bjarna og

Skúla og Sigurðar Gíslasonar, útaf ættgöfgi. Föðurættin var hin sama, þeir voru allir í beinan karlegg komnir af sr. Sveini lærða á Barði í Fljótum, en ýmsir hans niðjar hafa verið miklir námsmenn, eins og Bjarni Thorarensen og Sveinn Sölvason, dóttursonur sr. Sveins lærða, sem báðir höfðu lokið prófi í lögum 19 ára; en annar dóttursonur sr. Sveins var sr. Eyjólfur lærði, sem kallaður var Eyjólfur gríski á háskólaárum sínum. Hefi ég þann fróðleik úr Íslending sögubindi því, sem þeir eiga saman dr. Páll E. Ólason og dr. Þorkell Jóhannesson. Sveinn Pálsson, náttúrufræðingur og læknir var einnig afkomandi sr. Sveins lærða.

Hlíðarendasystkinum þótti, sem von var, að þau ættu til merkra að telja í móðurætt, þar sem voru Bjarni Pálsson og Skúli fógeti — að ógleymdri móður Bjarna, sem var mesta merkiskona, fyrir vitsmuna sakir og annars, eins og Sigurður skólameistari Guðmundsson hefir skrifað vel um. En sr. Sigurður taldi þá sína móðurætt engu ómerkilegri, sem einnig er skiljanlegt. Jórunn móðir hans Sigurðardóttir var komin af Þórði biskupi Þorlákssyni og Guðríði dóttur Gísla sýslumanns Magnússonar á Hlíðarenda, sem kallaður var hinn vísi. Báðir voru þeir mágar í tölu best menntuðu Íslendinga, sem verið hafa, og skrifar Þorvaldur Thoroddsen um þá vel og rækilega í Landfræðisögu sinni. Hafði Gísli stundað náttúrufræðinám í þeim stöðum, sem best þótti á þeim tímum, en það var í Leyden og Lundúnum, og var fyrsti maðurinn, sem fékkst við rannsóknir lútandi að jarðfræði Íslands; nema ef segja mætti, að Stjörnu-Oddi hafi þar verið fyrirrennari hans. En Þórður biskup segir Þorvaldur Thoroddsen að hafi verið mestur landfræðingur íslenskur á 17. öld. Hygg ég, að Þórður Þorláksson hafi verið mun meiri gáfumaður og menntamaður en eftirmaður hans í embætti, Jón Vídalín, þó að miklu frægari hafi orðið hjá alþýðu sakir postillu sinnar.

IV

Þeir voru nágrannar sr. Sigurður í Hraungerði og Páll Melsteð sýslumaður og kancelliráð í Hjálmholti; en Anna

kona hans og sr. Sigurður var bræðrabörn. Var Anna mikil merkiskona, eins og búast mátti við um dóttur slíks manns sem Stefán Þórarinnsson var, er Jón Sigurðsson telur verið hafa einn af bestu embættismönnum á Íslandi. Dr. Páll Eggert Ólason vekur í síðustu bók sinni um Jón Sigurðsson eftirtekt á framabraut Páls Melsteds, sem var með ólíkindum, þar sem hann hafði aðeins tekið próf í dönskum lögum, ekki þó vegna skorts á námshæfileikum eða elju við nám, heldur af því að honum var mikill hugur á, vegna konuefnisins, að komast sem fyrst heim aftur frá háskólanum. Páll Melsted var kominn í beinan karlegg af Lopti ríka og Hrólfi sterka (—Þorbergur—Halldór—Jón—Þórður—Páll). Hann var höfðinglegur maður á velli, við 3 álnir, og sögur eru til sem sýna, hve mikil virðing var borin fyrir honum. Hann hafði verið í tölu allra fremstu nemenda í Bessastaðaskóla. Svo sagði mér Sigurður Melsted, sonur hans, að af skýrslum þeim, sem sýslumenn áttu á þeim dögum að senda stjórninni í Kaupmannahöfn (kancellíinu) hafi þær sem Páll samdi, þótt skara mjög framúr. Tveir synir sr. Sigurðar í Hraungerði, Gísli og Vigfús, kvæntust tveim dætrum Páls, Ingibjörgu og Ragnheiði. Fór orð af þeim Melstedssystkinum. Páll sagnfræðingur var á Hafnarárum sínum kallaður „den smukke Islænder“, og haft var eftir stúdentum, að þeir hefðu ekki á Austurgötu í Kaupmannahöfn — þar sem þá, eins og síðan, helst var gengið til að sýna sig og sjá aðra — séð nokkra stúlku, sem þeim þótti eins falleg og Ragnheiður Melsted. En til marks um að Sigurður Melsted hafi verið fríðleikspiltur, má hafa þetta.

Benedikt Gröndal skáld gerði vanalega ekki viðförult og heimsótti engan. En stundum brá hann þó af þessu, og lyfti sér upp með því að heimsækja gamla kunningja og hressa sig á vínglasi. Og einu sinni sem oftast, þegar svo stóð á, kemur hann til Sigurðar Melsted. Svo vildi til, að móðir mín var þar þá stödd og hefir hún sagt mér frá þessu. Þótti mér skaði mikill að hafa ekki verið viðstaddur, því að Gröndal hafði leikið á alls oddi, og þeir gömlu mennirnir rifjað upp ýmislegt frá Bessastöðum; en Gröndal hafði verið á ferm-

ingaraldri, þegar Sigurður varð stúdent. Gröndal hafði m. a. sagt við gamla, blinda manninn: „Þú varst svo fallegur drengur, Siggi.“

Vigfús Thorarensen dó mjög ungur, og Ragnheiður var ekkja í 60 ár, með 100 kr. á ári í eftirlaun. En vilji einhver niðra Vigfúsi, þá læt ég nægja að nefna börn hans og Ragnheiðar Melsted. Steinunn var dóttir þeirra, kona Einars á Hæli. Sonur þeirra var Gestur, sem ég tel einn af mestu mönnum, sem ég hefi kynnst, og þjóðarskaða, að hann skyldi verða svo skammlífur. Í bók eftir Jónas Jónsson er snilldarlega skrifuð ritgerð um Gest. Hann varð aðeins 38 ára, og var það ennþá tilfinnanlegra vegna þess, að ýmislegt varð því til tafar, að hann gæti farið að starfa eins fljótt og hæfileikar hans hefðu leyft. Allur hans „skólagangur“ var nokkurra vikna dvöl hjá sr. Magnúsi Helgasyni á Torfastöðum; og þó að kennarinn væri afbragð og lærisveinninn ekki síðri, að sínu leyti, þá var námstíminn of stuttur. Gestur var bæði bráðskarpur og ekki síður snarráður, og mikill afreksmaður við að koma í verk því sem hann ætlaði sér. Það er víst óhætt að segja, að Gestur og Eiríkur bróðir hans, hinn kunni og tillagagóði stjórnmálamaður, hafi stofnsett borg þá við Ölfusá, sem nú er í svo örum vexti, og hefir Egill frændi þeirra Thorarensen, sem er hinn mesti afreksmaður, átt þar drýgstan þáttinn í.

Elsta barn þeirra Vigfúsar og Ragnheiðar var Guðrún, sem ég hefi nefnt áður. Fyrri maður hennar var Guðni Magnússon, afkomandi Finns biskups Jónssonar, og er dóttursonur þeirra einn af kunnustu stjórnmálamönnum íslenskum nú, Brynjólfur Bjarnason ráðherra. Sonu áttu þau Vigfús tvo, og var Bjarni eldri, og lifði síðustu ár sín — en hann varð gamall mjög — hjá þeim hjónum Jóhönnu dóttur sinni og Gunnlaugi Fossberg, miklum dugnaðarmanni og góðum dreng, bróðursyni hins fræga Hjalta skipstjóra Jónssonar. Bjarni Thorarensen var ekki mikill á velli að sjá, en duglegur sjómaður, og skipstjóri á skipi, sem fór landa á milli og hann átti að nokkru leyti sjálfur. Það fórst, óvátrygt. Svo hefir mér verið sagt, eftir mönnum, sem voru

með Bjarna í sjóferðum, að hann hafi verið rólyndur mjög, og alltaf jafn rólegur, á hverju sem gekk. Oddgeir bróðir hans var stór maður — framundir 180 cm — og þrekinn. Hann drukknaði í róðri frá Eyrarbakka. Eitthvert var það starf, þegar Ölfusárbrúin var gerð, sem síst þótti heiglum hent, og tveir menn voru fengnir til að vinna, sem helst var treyst til karlmennsku. Oddgeir var annar. Ragnar Thorarensen, sonur Bjarna, var með mér í ferðum; sá ég að hann var óhræddur við að leggja í vötn. Hann er nú kaupmaður á Flateyri við Önundarfjörð. Engum hefi ég kynnst, sem vinnusamari væri eða skylduræknari en móðir mín, sem hét eftir ömmu sinni, konu Páls Melsteds. Móðir mín tók daginn stundum kl. 4, og það jafnvel þó að sunnudagur væri, og hún komin á gamals aldur. Hún var prestavinur mikill og margir góðir prestar vinir hennar. Hún var fróð um ættir sínar og fylgdist ótrúlega vel með því, hvað við bættist; en því miður er ég orðinn skrambi ófróður um það, síðan hennar missti við. Móðir mín hafði gaman af skáldsögum, sem ekki er láandi; en mér finnst það frásagnarvert, að ég sá hana aldrei vanrækja verk sitt til þess að taka upp bók, sem henni þótti skemmtileg. En fyrir kom það að hún fór að lesa að kvöldi dags, er hún hafði kennt á hljóðfæri í 11 stundir; ég hygg þó, að ekki hafi hver kennslustund verið full klukkustund — og auk þess sinnt eitthvað húsverkum, og hafði þá til að lesa stundum lengur en svefni hennar var holt.

Sr. Stefán Thorarensen, föðurbróðir móður minnar, var lengi prestur á Kálfatjörn. Hann var ekki eins stór og Skúli læknir móðurbróðir hans, líklega svo sem 178 cm, en hafði tiltakanlega breiðar og fallegar herðar, og höfuðsvipurinn göfugmannlegur. Hygg ég, að hann hafi á sínum tíma verið í tölu höfðinglegustu embættismanna landsins. Sönglistin var hans aðaláhugaefni, og hefði hann líklega lagt hana fyrir sig sem ævistarf, ef hann hefði fæðst svo sem 60 árum seinna. Nú varð hann að láta sér nægja, að til þess var tekið, hversu vel hann tónaði. Ég kynntist sr. Stefáni og þeim hjónunum vel, vetur sem ég dvaldi á Vatnsleysuströnd, hjá föður mínum, sem var þar barnakennari. Heyrði ég þá orð á því

gert, hvað sr. Stefán væri lítið sjóhræddur; en það mátti vel fá vont veður á leiðinni þar á milli og Keflavíkur. Sr. Stefán lifði síðustu ár sín hér í Reykjavík. Móðir mín kom til hans, þegar hann lá banaleguna, rétt áður en hann dó. Sagði hann þá við hana brosandi: „Ég held ég ætli nú að fara að lognast útaf, Anna mín.“ Bendir þetta til þess, að sr. Stefán hafi verið rólyndur maður. En orðtækið að „lognast útaf með hægð“ er í ferðasögu eftir Eirík frá Brúnum, og man ég eftir, að sr. Stefáni þótti gaman að því.

Úr því að ég fór að koma með þessi ættarsögubrot, finnst mér ekki rétt gagnvart systkinum mínum, að láta þeirra að engu getið. Sigurður var rúmu ári yngri en ég; hann var fallegur piltur, fjörmikill og hafði góða söngródd, og hefði sennilega getað orðið góður leikari. Ég minnst þess, að hann kom fram í einhverri jólaleiksýningu skólapilta, og að ég furðaði mig á því, hversu vel honum tókst. Mér þykir ekki ólíklegt, að hann hafi verið efni í listamann; en hann var lítið gefinn fyrir bóklestur. Hann hefir alið langmestan hluta ævi sinnar vestanhafs, og eignaðist þar góða konu af íslenskum ættum, Lilju Ólafsdóttur. Tveir synir þeirra buðu sig fram til hermennsku; var öðrum hafnað vegna meiðsla í fæti, en hinn var, held ég, í Japan þegar ófriðnum lauk. Þriðji sonurinn hefir víst ekki þótt mega missa sig úr verksmiðjunni, þar sem hann vann. Anna dóttir þeirra dó snögglega, er hún hafði verið gift 2 eða 3 ár, manni af skoskum ættum. Svo hefir mér verið sagt af Önnu að hún hafi verið bæði góð og falleg stúlka, og námsgáfur hennar frábærar. Hefir hún líkst um það ömmu sinni og nöfnu, sem á æskuárum hafði verið tiltakanlega næm. Ég hefi þetta eftir dr. Jóni biskupi Helgasyni; Þórhildur móðir hans og móðir mín höfðu gengið saman í skóla, sem þær héldu Johnsenssystur (þ. e. frú Thora Melsted, sem seinna varð, og Ágústa systir hennar), og sagði dr. Jón, að móðir sín hefði stundum orð á því gert, hve frábærar námsgáfur Önnu hefðu verið. Ástríður systir mín (sem vanalega var kölluð Ásta) var fædd 5. okt. 1876; hún var sú okkar systkinanna, sem líklegust var til að vera foreldrum okkar til gleði og vorkenndi ég þeim að

missa hana, þegar hún giftist barón Jaden frá Vínarborg og fór af landi burt. Það var eins og dimmdi á heimilinu þegar hún fór. Hún var í Khöfn veturinn 1897—8. Einu sinni vorum við á gangi á Austurgötu; mættum við þá gömlum manni, sem heilsaði okkur vinalega; þetta var einn af frægustu læknum í Khöfn, sem ég hafði kynnst dálítið. Næst þegar ég hitti gamla manninn, sagði hann: „Hver var þessi fallega stúlka, sem þér voruð með?“ En þegar hann fékk að vita, að það hefði verið systir mín, segir hann: „Nú, þá er það ekkert gaman.“ Þegar prófessor Macmillan Brown kom í síðasta skipti til Evrópu, heimsótti hann þau Jadenshjónin. Prófessor Macmillan Brown var einn af mestu gáfumönnum samtíðarinnar, bók hans, Limanora eða Framfaraeyjan, er í tölu allramestu snilldarverka heimsbókmenntanna, og höfundurinn hafði, að ég held, komið í allar heimsálfur, var a. m. k. óvanalega víðföruður maður; mér finnst þessvegna frásagnarvert, að þessi maður fór hérumbil sömu orðum um þessa systur mína, og Aldís heitin Pálsdóttir í Hlíð, sem ekki hafði víða farið, en var óvanalega greind og mannglög.

Kristín var yngst okkar systkinanna, þeirra sem úr barnæsku komust. Hún hefði orðið 67 ára 16. febr. n. k., en er fyrir löngu dái. Saga hennar er gott dæmi þess, hvernig ómerkilegar tilviljanir geta spillt lífi voru. Kristín var tveggja ára mislingasumarið illræmda. Faðir minn varð að stunda vinnu sína utan heimilisins, hitt fólkið lagðist, að móður minni undantekinni, sem ein varð að stunda þá, sem veikir voru. Þegar við vorum að komast á fætur, lagðist móðir okkar af ofþreytu, og var varla líf hugað. En á meðan hún lá, var Kristín litla, sem fram að þessu hafði verið hraust og heilsugóð, vanhirt, með þeim afleiðingum, að hún var alltaf heilsulítill síðan. Kristín hafði betri námsgáfur en ég, sem hefði þó helst haft það til míns ágætis, að mér gekk vel að læra. Hún hafði mjög gott lag á að segja til börnum, og nokkrar telpur komu og nutu tilsagnar hjá henni. Þar kom að Kristín veiktist svo, að hún varð að fara á spítala til að láta gera á sér skurð. Daginn áður en hún fór á spítalann hafði hún dálítið kveðjuboð fyrir telpurnar, sem hún hafði

verið að kenna. Veikindin voru svo alvarleg, að hún gat allteins búist við dauða sínum, eða a. m. k. kvalafullri legu; og kvalirnar brugðust heldur ekki. En enginn hefði á svip hennar, þar sem hún var að kveðja telpurnar „sínar“, getað séð, að neitt alvarlegt væri á ferðinni. Það hefði vel mátt ímynda sér, að hún væri að halda boð, af því að hún ætlaði sér í skemmtiferð. Ég undraðist með sjálfum mér, er ég sá þetta, og fannst sem ekki mundi ég geta leikið slíkt eftir.